



Alþingi
Erindi nr. P / 138 / 606

komudagur 9.12.2009

Skattstjóri Suðurlandsumdæmis

Vegskálum 1 850 Hella Sími 488 5500

Netfang : sudurland@skattur.is Vefsíða: simnet.is/skattur Fax: 487 5844

1

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Hellu , 9. desember. 2009

Umsögn um lagafrumvarp. Mál 226. endurskipan stofnana skattkerfisins

Með tölvupóstbréfi dagsettu 5. desember .sl og barst embætti mínu 7. sama mánaðar , óskið þér eftir umsögn minni um frumvarp á þingskjali 251, 226.mál yfirstandandi löggjafarþings.

Frumvarpið er um endurskipan stofnana skattkerfisins.

Málefnið hefur nokkuð verið til umfjöllunar í hópi skattstjóra , ráðuneytis og ríkisskattstjóra undanfarnar vikur .

Í stuttu máli sagt þá gert ég ekki annað séð en að þeim lagaákvæðum sem hnika þarf til í hinum ýmsu lögum er varða skattlagningu sé til haga haldið í frumvarpinu

Hér er hins vegar á ferðinni viðamikil og vandmeðfarin lagasetning sem eflaust má bæta við og auka, án þess að þó að fullt yrði um það nú.

Þau atriði frumvarpsins sem varða beinlínis mig og mína stöðu sem embættismanns tel ég ekki rétt að ég tjái mig um . En rétt væri að gefa starfsmannamálum skattstofanna og ríkisskattstjóra örlítið meiri gaum en gert er í frumvarpinu. Þar er á ferðinni mannauður sem vert er að halda fast um og hlúa að.

Ég hef allengi verið talsmaður þess að endurskipunar væri þörf í stofnunum skattkerfisins. Sú hugmyndafræði sem frumvarpsdrögin byggja á er að mörgu leyti í takt við þær hugmyndir sem ég hef haft og sett fram á þessu sviði, þ.e.a.s . að til verði ein eining sem hafi raunverulega og beina yfirstjórn alls þess sem lítur að álagningu skatta.

Aðrar hugmyndir eins og sameining skattrannsóknarstjóraembættisins á ný við ríkisskattstjóra og endurskipan eða nýskipan yfirsattanefndarinnar, hafa stungið upp kollinum í hagræðingarhugmyndum mínum sem og jafnvel sameining innheimtubátta sýslumannsembættanna og álagningar skattakerfisins og loks að frekari verkefni á sviði umsýslu með bætur sem greiddar eru úr ríkissjóði flyttust til skattkerfisins til dæmis ,

1

almannatryggingagreiðslur, atvinnuleysisbætur og fæðingarorlofsgreiðslur. Þessar og þvílíkar hugleiðingar eru þó á engan hátt uppi á borðinu núna enda viðameiri en svo að út í þær verði farið án verulegs undirbúnings.

Svo vikið sé aftur að fyrirliggjandi frumvarpsdrögum að þá geri ég ekki athugasemdir eða kem fram með leiðréttingar eða tillögur til úrbóta. Sé ég ekki á þessu stigi og að svo komnu í hverju þær gætu legið.

Hitt er annað mál að eftir því sem ég leiði hugann meira að þeirri kerfisuppbyggingu og breytingum sem leiða myndu af lögfestingu þessa frumvarps, því meira verð ég efins um að rétt sé að skella þeim á við þær aðstæður sem nú eru uppi.


Það er einfaldlega mín skoðun að núverandi umdæmaskipt skattfrankvæmd hent best á þeim tímum sem í hönd fara og um nánustu framtíð. Skattkerfið í núverandi mynd nýtur trausts í samfélaginu. Aðilar vinnumarkaðarins, almenningur og þeir sem starfa að skattamálum sérstaklega hafa iðulega látið slíka skoðun í ljósi.

Hætt er við að breytt verklag og breytt skipan skattfrankvæmdar riðli ýmsum þáttum stjórnsýslunnar vegna ýmissa byrjunarerfiðleika og nýrra viðhorfa og vinnubragða. Við því má samfélagið ekki á þessum óvissutímum. Stofnanir þess verða að starfa hikstalaust og skila sínum hlutverkum án agnúa.

Nú veit ég að skattkerfið og starfsfólk þess er mjög sveigjanlegt og ræður auðveldlega við ýmsar kollsteypur og stökkbreytingar sem óneitanlega fylgja hinum íslensku skattreglum og nú er fyrirsjáanlegt að verulegar breytingar verði á almennri skattlagningu og að ýmis ný sjónarmið verði uppi í kjölfar þjóðfélagsástandsins. Tel ég að í ljósi þess beri að gjalda varhuga við að skella á kerfisbreytingu innan þeirra stofnana sem um skattaþræðina halda.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða mín að á ferðinni sé góð hugmynd sem æskilegt væri að verði sett í frankvæmd en þó þannig að núverandi fyrirkomulag haldist óbreytt allavega næstu misserin.

Virðingarfyllt


Steinþór Haraldsson

Skattstjóri Suðurlandsumdæmis